

Fundur 10.11. 2025 Þórdís frá Vesturlandi, var uppi á sextánda öld.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Blessuð, góða kvöldið.*

Mikil eru umskiptin, hvernig var að lifa á Íslandi til forna í samanburði við það hvernig það er að dvelja á þessari jörð og njóta töfra náttúrunnar, og hafa komist út úr þeim kringumstæðum sem trufluðu eðlileg lífsgæði, og hafa komist á mikla framfara braut og hafa viðhaldið skapferli og þroska sem fylgir því að vera komin á framfara braut og á framlífs jörð og hafa losnað úr hlekkjum helstefnunnar og margskonar einkennum þjóðfélags, þar sem drottandi áhrif hinna vondu voru einkennandi og trúarbragða sem ekki leiddu til bjargræðis, heldur aukningar eymdar og þjáningar.

Eftir að ég komst á framfara brautina á þessum framlífs jörðum, hef ég einbeitt mér að því að bæta mitt eigið líf og svo annara líf og svo hef ég sinnt ýmsum störfum þar að lútandi, eins og hjúkrun og lækningu og ýmsum ráðgjafa störfum.

Þegar ég kom fyrst af jörðinni gömlu, þá fæddist ég inn í ætt sem hafði átt í deilum vegna erfðamála og deilum vegna kirkjueigna, og hafði það því sín eftirmál í því að ég þurfti að sættast við fólk og það voru margar, ég byrjaði á því að velja á milli kirkjudeilda og síðan sértrúar safnaða, þar sem lögd var áhersla á anda og fyrirgefninguna og losna út úr þessum málum.

Og hafði ég lent í því að sjúkdómar voru orðnir tíðari í því framlífi, og fékk ég þá áhuga á læknisfræði, og var okkur kennt ýmislegt, en ekki slepptum við taki á trúnni, og var það til truflunar, þar sem þjóðirnar börðust áfram á grundvelli trúarinnar og hverjum væri ætlað landssvæði.

Og tók ég þá eftir því að áður en ég fór af þeirri fyrstu framlífs jörð, að til voru einstaklingar og hópar sem stunduðu nokkurs konar Búddatrú og andlega íhugun, sem virtust njóta meiri hamingju en við, og fékk ég þá áhuga á því.

Var það gæfa mína að mega njóta lengri ævi á þeirri framlífs jörð heldur en í frumlífinu, og náði ég þá meiri þroska. Og fór ég þá að spyrja mig spurninga þegar ég fram kom á nýjum hnetti, hvers vegna það var ekki í samræmi við Biblíuna, heldur væru einhver lögmál þar að verki.

Og var það betri hnöttur á ýmsan hátt og voru tækifæri mín meiri til að þroskast. Og meðan ég stundaði íhugun og lærði vísindaleg fög eins og læknisfræði, skyldist mér að fyrri jarðvistir höfðu ekki nýst nógu vel og höfðu það verið helstefnu líf.

Ætt mín var ekki laus við þá sjúkdóma sem upp höfðu komið á fyrsta framlífs hnettinum, og hélt ég áfram að læra um þau efni, og fór ég að læra að beina orkunni á rétt svið og leyfa orkunni að streyma betur.

Og lærði ég á þeim framlífs hnetti að beisla þá miklu orku sem mannfólkið býr yfir og senda hana frá sér, ekki síður en að taka á móti henni.

Áttum við enn okkar gamla arf Eddu kvæða og heiðinna trúarbragða og fór ég að sækja í þann arf. Og var það gott fólk sem kenndi mér hvað fólst í orðunum, að þyggja og senda kraftinn, í Hávamálum.

Og var það ekki ósvipað því sem ég hafði byrjað að læra í jarðvistinni þar á undan, og tókst mér þá betur að ráða við skyldustörf mín í daglegu lífi í sjúkrahúsum sem ég starfaði við, og fór það að stefna upp á við og á sama tíma fór áhugi minn að aukast að tengjast öðru fólkum betur, og Íslendingum sem ég hafði misst af í frumlífi mínu, þar sem kirkjujarðar deilur höfðu staðið og tengslin ekki nógu góð, og á framlífs hnettinum fyrsta hélt það áfram að hlusta á kenningar trúarbragðanna, en ekki vísindanna.

Og nú er svo komið að ég hef gott tengslanet við gömlu Íslendingana og þá sem yngri eru marga, og fjölskyldulífið betra sumuleiðis. Og mikilvægt að fyrirgefa barnsfeðrum og fólki sem ég lenti upp á kant við í fyrri jarðlífs skeiðum. Og hefur það einnig tekist mun betur, og erum við hér stödd upp á fjalli einu í stjörnusambandsstöð og horfum vítt yfir og fagurt umhverfið.

Skynjum við það eins og í fjarska, að tvær stefnur sækja að ykkur Íslendingar, frumlífs Íslendingar, eins og við stundum köllum ykkur. Og er það helstefnu áhrif og lífstefnu áhrif.

Og mikil er gæfa þjóðarinnar þegar kærleikurinn vex og þið takið sem mest á móti jákvæðum og uppbyggilegum áhrifum. Og þegar fjöldinn tekur á móti slíkum áhrifum og efnahagur og menning ganga í takt, og eigingirnin er ekki of mikil eða óvildin milli fólks.

Já ég vildi sérstaklega í kvöld fjalla um það að við höfum í starfi okkar hér á framlífs hnetti á sambönd við fólk sem hefur útskýrt hvernig stendur á Covid farsóttinni, sem á ykkur hefur herjað.

En hefur einnig náð til annara hnatta, og höfum við fengið skýrar upplýsingar um það, hvernig slíkt var skipulagt langt aftur í fortíðinni, og hér var nýlega samband við Norðmann sem vissi ekki að tekin voru DNA sýni til þess að nota þau til að móta þessa veiru eftir sérstökum einstaklingum og erfðabreyti hópum, erfða hópum.

Og vissi hann ekki tilhvers þetta var gert, og er það mjög hryggileg aðferð og svívirðileg, og Jahve þar í spílinu.

Vonum við að þið fáið samband við þann mann og væri það fróðlegt, en þannig má skoða langt aftur í fortíðina hvernig mannkynið hefur polað hinar ýmsu veirur og bakteríur, og hefur mislangan tíma að ná fullu ónæmi gegn þeim.

En skiptir það miklu máli þegar fólk vill ná sér eftir slíkar sóttir, að fram komi leiðtogar kærleikans eins og Kristur og nokkrir aðrir, og leiði þjóðirnar í kærleika og samstillingu sem hleypir að orku Guðanna og Gyðjanna og læknafrá slíkum áhrifum.

Get ég nú ekki haldið mikið áfram, kona frá sextándu öld, íslensk kona Þórdís, frá Vesturlandi.

*Vertu velkomin.*

Já þakka ég fyrir.

Kveð ég nú ykkur, verið þið sæl.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna.*